

Lettland

SAMNINGUR MILLI LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG LÝÐVELDISINS LETTLANDS TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN OG KOMA Í VEG FYRIR UNÐANSKOT FRÁ SKATTLAGNINGU Á TEKJUR OG EIGNIR

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Lettlands, sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr. Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum aðildarríkjunum.

2. gr. Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Þeir skattar sem samningur þessi tekur til eru:

a) á Íslandi:

(i) tekjuskattur til ríkisins;

(ii) eignarskattur til ríkisins; og

(iii) tekjuútsvar til sveitarfélaga; (hér eftir nefndir "Íslenskur skattur");

b) í Lettlandi:

(i) skattur á hagnað;

(ii) tekjuskattur einstaklinga; og

(iii) eignarskattur; (hér eftir nefndir "Lettneskur skattur").

2. Samningurinn skal einnig taka til nýs skatts sem lagður verður á tekjur eða eignir af öðru hvoru aðildarríkjanna eftir dagsetningu undirskriftar hans. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi ákvarða hvort nýr skattur, sem lagður eru á í öðru hvoru aðildarríkjanna, falli undir ákvæði samningsins í samræmi við fyrri málslið.

3. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar og þeir sem nefndir eru eða vísað er til í 1. og 2. tl., sem lagðir verða á eftir dagsetningu undirskriftar samningsins til viðbótar eða í staðinn fyrir þá skatta sem samningurinn nær til samkvæmt þessum tölulíðum. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu gefa hvort öðru upplýsingar um allar meiri háttar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum ríkjanna.

3. gr. Almennar skilgreiningar.

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

a) "Ísland" merkir Lýðveldið Ísland og, þegar notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði Lýðveldisins Íslands og sérhvert það svæði sem liggur að landhelgi Íslands þar sem Ísland samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við þjóðarétt hefur fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðlinda hafsbotnsins og botnlaga hans;

b) "Lettland" merkir Lýðveldið Lettland og, þegar notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði Lýðveldisins Lettlands og sérhvert það svæði sem liggur að landhelgi Lettlands þar sem heimilt er samkvæmt lettneskum lögum og í samræmi við þjóðarétt að beita réttindum Lettlands að því er varðar hafsbotninn og botnlög hans og náttúruauðlindir þeirra;

- c) "aðili" merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila;
- d) "félag" merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra stofnun sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;
- e) "fyrirtæki í aðildarríki" og "fyrirtæki í hinu aðildarríkinu" merkir fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í aðildarríki, og fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, eftir því sem við á;
- f) "ríkisborgari" merkir:
 - (i) hvern þann mann sem hefur ríkisfang í aðildarríki;
 - (ii) sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggir réttarstöðu sína sem slíka á gildandi lögum aðildarríkis;
- g) "flutningar á alþjóðaleiðum" merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki í aðildarríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu aðildarríkinu;
- h) "bært stjórnvald" merkir:
 - (i) á Íslandi, fjármálaráðherra eða umboðsmann hans;
 - (ii) í Lettlandi, fjármálaráðherra eða umboðsmann hans.

2. Við framkvæmd aðildarríkis á ákvæðum samnings þessa skulu, nema annað leiði af samhenginu, öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum, hafa sömu merkingu og í lögum viðkomandi aðildarríkis að því er varðar skatta þá sem samningurinn tekur til.

4. gr. **Heimilisfesti.**

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "aðili heimilisfastur í aðildarríki" sérhvern þann aðila sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, stjórnaraðseturs og stofnsetningarstaðar félags eða af öðrum svipuðum ástæðum. Hugtakið felur einnig í sér aðildarríkið sjálft, sjálfstjórnarhérað innan ríkisins, sveitarstjórnir og opinberar stofnanir þess. Hugtakið felur ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn í því ríki eða af eignum sem þar eru staðsettar.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl. skal úrskurða um málið eftir neðangreindum reglum:

- a) Maður telst heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í báðum ríkjunum telst hann heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);
- b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili í hvorugu ríkinu, telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;
- c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;
- d) ef maður á ríkisfang í báðum eða hvorugu ríkjanna skulu bær stjórnvöld í aðildarríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili, annar en maður, telst eiga heimilisfesti í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl. skulu bær stjórnvöld leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi og ákvarða hvernig ákvæðum samningsins verði beitt gagnvart slíkum aðila. Þegar slíkt samkomulag er ekki til staðar skal aðilinn í hvoru aðildarríki um sig talinn ekki heimilisfastur í hinu aðildarríkinu vegna samnings þessa.

5. gr. **Föst atvinnustöð.**

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "föst atvinnustöð" fasta atvinnustofnun þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið "föst atvinnustöð" merkir einkum:

- a) aðsetur framkvæmdastjórnar;
- b) útibú;
- c) skrifstofu;
- d) verksmiðju;
- e) verkstæði; og
- f) námu, olíu- eða gaslind, grjótnámu eða annan stað þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.

3. Byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmd eða umsjón eða ráðgjöf sem tengist slíkri framkvæmd telst því aðeins föst atvinnustöð að slíkt svæði, verkefni eða framkvæmdir séu til staðar eða standi yfir lengur en sex mánuði.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið "föst atvinnustöð" ekki til:

- a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;
- b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;
- c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
- d) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
- e) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
- f) fastrar atvinnustofnunar sem nýtt er eingöngu til að samhæfa starfsemi sem fellur undir a- til e-lið, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu atvinnustofnun vegna þessarar samhæfingar í undirbúnings- eða aðstoðarstórfum.

5. Ef aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. tl., hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í aðildarríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið og beitir þessari heimild að jafnaði, er fyrirtæki þetta - þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. - talið hafa fasta atvinnustöð í því ríki vegna hvers konar starfsemi sem aðillinn gegnir fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. tl. og sem myndi ekki, þótt innt af hendi á fastri atvinnustofnun, gera þessa föstu atvinnustofnun að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þess töluliðar.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í aðildarríki eingöngu vegna þess að það reki þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra. Ef umboðsaðili starfar hins vegar eingöngu eða nær eingöngu í þágu þess fyrirtækis skal hann ekki teljast óháður umboðsaðili í skilningi þessa töluliðar.

7. Þótt félag sem er heimilisfast í aðildarríki stjórn eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu aðildarríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annaðhvort fyrir milligöngu fastrar atvinnustöðvar eða á annan hátt) leiðir það ekki í sjálfu sér til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr. Tekjur af fasteign.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði og nýtingu skógar) sem staðsett er í hinu aðildarríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið "fasteign" skal skýra í samræmi við lög þess aðildarríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifié með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttarins, húseignir, hvers konar kauprétt eða sambærileg réttindi hvað varðar fasteignir, afnotarétt af fasteign og rétt til fastrar eða breytilegrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu eða rétt til að hagnýta námur, lindir og aðrar náttúruauðlindir. Skip, bátar og loffför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. tl. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar sem og tekjur af sölu fasteigna.

4. Þegar hlutabréfaeign eða önnur hlutareign í félagi veitir eiganda sínum rétt til að nýta fasteign í eigu félagsins má skattleggja tekjur af beinum notum, leigu eða sérhverri annarri hagnýtingu slíks afnotaréttar í því aðildarríki þar sem fasteignin er.

5. Ákvæði 1. og 3. tl. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er til sjálfstæðrar starfsemi.

7. gr.

Tekjur af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki er einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má leggja skatt á hagnað fyrirtækis í hinu ríkinu, en þó einungis að því marki sem hagnaðurinn stafar frá:

- a) hinni föstu atvinnustöð; eða
- b) sölu fyrirtækis í hinu aðildarríkinu á vörum eða varningi sem eru eins eða svipaðar þeim vörum eða varningi sem seldar er í gegnum þá föstu atvinnustöð; eða
- c) öðrum viðskiptum sem fram fara í hinu aðildarríkinu sem eru eins eða svipuð þeim viðskiptum sem eiga sér stað hjá þeirri föstu atvinnustöð.

Ákvæðum b- og c-liðar skal ekki beitt ef fyrirtækið sýnir fram á að salan eða viðskiptin gætu ekki með sanngjörnum hætti hafa farið fram hjá hinni föstu atvinnustöð.

2. Þegar fyrirtæki í aðildarríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar skal hvort aðildarríki um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. tl., telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut ef hún hefði verið sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við fyrirtæki það sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem leiða af því að hún er föst atvinnustöð, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og venjulegan stjórnunarkostnað, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í aðildarríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. tl. útiloka það aðildarríki frá því að ákveða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera slík að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða framgreindra töluliða skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema rík og fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaðurinn felur í sér tekjur sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.
Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki.

2. Ákvæði 1. tl skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu ("pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.
Tengd fyrirtæki.

1. Þegar

a) fyrirtæki í aðildarríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlýðingum fyrirtækis í hinu aðildarríkinu, eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess, eða
b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlýðingum fyrirtækis í aðildarríki, svo og fyrirtækis í hinu aðildarríkinu, eða eiga, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þeirra, og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast sem hagnaður þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar aðildarríki telur með í hagnaði fyrirtækis í því ríki - og skattleggur samkvæmt því - hagnað sem fyrirtæki í hinu aðildarríkinu hefur verið skattlagt af í því ríki, og hagnaðurinn sem þannig er innifalinn er af hálfu fyrrnefnda ríkisins talinn hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir sem samið var um milli þessara tveggja fyrirtækja hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, þá skal hitt ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð álagðs skatts þar á þennan hagnað, að svo miklu leyti sem þetta síðarnefnda ríki telur leiðréttinguna réttlætanagera. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða samnings þessa og bær stjórnvöld aðildarríkjanna skulu, ef nauðsyn krefur, ráðgast sín á milli.

10. gr.
Ágóðahlutir.

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því aðildarríki þar sem félagið sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé móttakandinn hins vegar raunverulegur réttshafi ágóðahlutanna má skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:

a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna ef raunverulegi réttshafinn er félag (undanskilið er þó sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir;

b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

Bær stjórnvöld aðildarríkjanna geta með gagnkvæmu samkomulagi kveðið nánar á um hvernig framkvæmd framangreindra takmarkana verði háttáð.

Ákvæði þessa töluliðar hafa engin áhrif á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

3. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. tl. má á Íslandi leggja skatt á ágóðahluti sem greiddir eru af félagi heimilisföstu á Íslandi til félags heimilisfasts í Lettlandi sem ekki má vera hærri en 15 af hundraði af þeim hluta ágóðahlutanna sem hefur eftir íslenskum lögum verið leyfður sem frádráttur frá hagnaði íslenska félagsins sem ágóðahlutina greiddi eða sem yfirfæranlegt rekstrartap þess.

4. Hugtakið "ágóðahlutir" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem við skattlagningu er farið með á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem úthlutunina framkvæmir er heimilisfast. 5. Ákvæði 1., 2. og 3. tl. gilda ekki þegar raunverulegur réttihafi ágóðahlutanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur viðskipti í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun sem staðsett er í síðarnefnda ríkinu, og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

6. Ef félag sem er heimilisfast í aðildarríki fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. gr.

Vextir.

1. Vexti, sem myndast í aðildarríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. 2. Þó má einnig skattleggja vexti í því aðildarríki þar sem þeir myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé móttakandinn raunverulegur réttihafi þeirra má skattur sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð greiddra vaxta. Bær stjórnvöld aðildarríkjanna geta með gagnkvæmu samkomulagi kveðið nánar á um hvernig framkvæmd framangreindra takmarkana verði háttáð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. skulu

a) vextir sem myndast á Íslandi vera undanþegnir íslenskum skatti ef vextirnir eru greiddir:

(i) lettneska ríkinu, sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess;

(ii) Banka Lettlands;

(iii) þeim stofnunum sem til verða í Lettlandi eftir undirskrift samnings þessa og eru sambærilegar þeim stofnunum sem stofnsettar hafa verið á Íslandi og vitnað er til í a-lið (iii) (bær stjórnvöld aðildarríkjanna skulu ákveða með gagnkvæmu samkomulagi hvort slík stofnun teljist sambærileg); eða

(iv) öðrum stofnunum sambærilegum þeim stofnunum sem nefndar eru í a-lið (iv) sem bær stjórnvöld aðildarríkjanna kynnu að gera samkomulag á hverjum tíma um að falli undir þetta ákvæði;

b) vextir sem myndast í Lettlandi vera undanþegnir lettneskum skatti ef vextirnir eru greiddir:

(i) íslenska ríkinu, sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess;

(ii) Seðlabanka Íslands;

(iii) lánlánaþjóf eða lánþróunarsjóði eða öðrum sambærilegum stofnunum sem bær stjórnvöld aðildarríkjanna kynnu að gera samkomulag á hverjum tíma um að falli undir þetta ákvæði; eða

(iv) öðrum stofnunum sambærilegum þeim stofnunum sem nefndar eru í lið (iii) sem bær stjórnvöld aðildarríkjanna kynnu að gera samkomulag um;

c) vextir sem myndast í aðildarríki vegna lána sem stofnanir sem nefndar eru í a- eða b-lið hafa ábyrgst greiðslu á og eru greiddir til aðila heimilisfasts í hinu aðildarríkinu skulu einungis skattlagðir í því ríki;

d) vextir sem myndast í aðildarríki skulu einungis skattlagðir í hinu aðildarríkinu ef:

(i) móttakandinn er heimilisfastur í því ríki, og

(ii) hann er fyrirtæki sem hefur heimilisfesti í því aðildarríki og er raunverulegur réttihafi vaxtanna,

og

(iii) vextirnir eru greiddir vegna skulda sem eiga rætur sínar að rekja til lána sem það fyrirtæki hefur veitt vegna sölu hvers kyns varnings eða iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaðar til annars fyrirtækis sem hefur heimilisfesti í fyrrnefnda ríkinu, nema ef salan á sér stað eða skuldin verður til milli tengdra aðila.

4. Hugtakið "vextir" merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum án tillits til þess hvort þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki, og sérstaklega tekjur af ríkisskuldabréfum og tekjur af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og ágóði tengdur slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir vegna vanskila teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

5. Ákvæði 1. og 2. tl. gilda ekki þegar raunverulegur réttihafi vaxtanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem vextirnir mynduðust, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á. Þegar greiðandi vaxta hefur heimilisfesti í aðildarríki skulu vextir taldir hafa myndast í því ríki. Ef aðili sem greiðir vextina, hvort sem hann hefur heimilisfesti í aðildarríki eða ekki, hefur hins vegar fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í aðildarríki og skuldin sem vextirnir eru greiddir af varð til í tengslum við hina föstu atvinnustöð eða föstu stofnun, og vextirnir eru greiddir af hinni föstu atvinnustöð eða föstu stofnun, skulu slíkir vextir taldir hafa myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stofnun er.

7. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs réttihafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur réttihafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattlögð í samræmi við lögjöf hvors aðildarríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr.

Þóknanir.

1. Þóknanir sem myndast í aðildarríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því aðildarríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé móttakandinn hins vegar raunverulegur réttihafi þóknanna má skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:

a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð greiddra þóknana vegna afnota af iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði;

b) 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknanna í öllum öðrum tilvikum.

Þær stjórnvöld aðildarríkjanna geta með gagnkvæmu samkomulagi kveðið nánar á um hvernig framkvæmd framangreindra takmarkana verði háttáð.

3. Hugtakið "þóknanir" í þessari grein merkir hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjald fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með taldar kvikmyndir og mynd- eða hljóðsegulbönd fyrir sjónvarps- eða hljóðvarpssendingar, hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkön, áætlanir, leynilega formúlu eða framleiðsluaðferðir, eða fyrir afnot eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

4. Ákvæði 1. og 2. tl. gilda ekki þegar raunverulegur réttihafi þóknanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem þóknanir mynduðust, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á. Þegar greiðandi þóknanna hefur heimilisfesti í aðildarríki skulu þóknanirnar taldar hafa myndast í því ríki. Ef aðilinn sem greiðir þóknanirnar, hvort sem hann hefur heimilisfesti í aðildarríki eða ekki, hefur hins vegar fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í aðildarríki, og skyldan til að greiða þóknanirnar stafar frá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stofnun, og þóknanirnar eru

greiddar af hinni föstu atvinnustöð eða föstu stofnun, skulu slíkar þóknanir taldar hafa myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stofnun er.

6. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, fjárhæð þóknanna er hærrí, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð í samræmi við löggjöf hvors aðildarríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

7. Ef Lettland mundi í samningi til að koma í veg fyrir tvísköttun sem það gerir við þriðja ríki, sem á aðild að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunni (OECD) við dagsetningu undirritunar þessa samnings, eftir þá dagsetningu undanþiggja einhver þau réttindi eða eignir frá þeirri skilgreiningu sem felst í 3. tl. þessarar greinar, eða undanþiggja þóknanir sem myndast í Lettlandi frá lettneskum skatti á þóknanir eða takmarka skatthlutfall af þóknunum skv. 2. tl. skal slík skilgreining, undanþága eða lækkað skatthlutfall sjálfkrafa eiga við eins og það hefði verið skilgreint í 3. eða 2. tl., eftir því sem við á.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er í 2. tl. 6. gr. og sem staðsett er í hinu aðildarríkinu eða af hlutabréfum í félagi ef eignir þess eru einkum fólgnar í fasteignum, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. 2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stofnun. 3. Hagnað, sem fyrirtæki í aðildarríki hlýtur af sölu skips eða lofffars sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða lofffars, skal einungis skattleggja í því aðildarríki. 4. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í undanfarandi tölulíðum þessarar greinar, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.

Sjálfstæð starfsemi.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði fasta stofnun í hinu aðildarríkinu til þess að leysa af hendi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stofnun má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stofnunar. Þegar einstaklingur sem er heimilisfastur í aðildarríki dvelur í hinu aðildarríkinu í eitt eða fleiri skipti, samtals lengur en 183 daga á tólf mánaða tímabili, sem hefst eða endar á viðkomandi skattári, skal hann í þessum skilningi talinn hafa fasta stofnun að jafnaði í því ríki og tekjur, sem hann hefur af nefndri starfsemi sem er leyst af hendi í því ríki, skulu taldar tilheyra þessari föstu stofnun. 2. Hugtakið "sjálfstæð starfsemi" merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf.

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu aðildarríkinu. Ef starfið er leyst af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu. 2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu aðildarríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

- a) móttakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða endar á viðkomandi skattári, og
- b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf leyst af hendi um borð í skipi eða loftfari sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum á vegum aðila heimilisfasts í aðildarríki í því ríki.

16. gr.

Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir setu í stjórn eða stjórnárgildi í félagi sem heimilisfast er í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja aðila heimilisfastan í aðildarríki af tekjum sem hann aflar í hinu aðildarríkinu af persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af starfi, sem leyst er af hendi af listamanni eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því aðildarríki þar sem starfsemi listamannsins eða íþróttamannsins fer fram.

3. Ákvæði 1. og 2. tl. þessarar greinar eiga ekki við um tekjur af starfi listamanns eða íþróttamanns í aðildarríki ef koman til þess ríkis er kostuð að einhverju eða öllu leyti af opinberum sjóðum hins aðildarríkisins eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess. Í því tilvikinu skulu tekjurnar skattlagðar í samræmi við ákvæði 7., 14. og 15. gr., eftir því sem við á.

18. gr.

Eftirlaun og svipaðar greiðslur.

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 2. tl. 19. gr., skulu eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem greiddar eru aðila heimilisföstum í aðildarríki, einungis skattlagðar í því ríki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. og ákvæði 2. tl. 19. gr. skulu eftirlaun og aðrar bætur, hvort sem þær eru inntar af hendi með vissu millibili eða í einu lagi, sem greiddar eru samkvæmt almannatryggingalöggjöf aðildarríkis eða úr öðrum opinberum sjóðum aðildarríkis sem eru reknir til að tryggja velferð almennings, einungis skattlagðar í því ríki.

19. gr.

Opinbert starf.

1. a) Endurgjald, að undanteknum eftirlaunum, sem greitt er af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns fyrir launuð störf hans í þjónustu þess ríkis, sjálfstjórnarhéraðs, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slíkt endurgjald skal þó einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem maðurinn er heimilisfastur ef starfið er leyst af hendi þar og maðurinn:

(i) er ríkisborgari þess ríkis; eða

(ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.

2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns fyrir launuð störf hans í þjónustu þessa ríkis, sjálfstjórnarhéraðs, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slík eftirlaun skal þó einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem maðurinn er heimilisfastur ef hann er ríkisborgari þess ríkis.

3. Ákvæði 15., 16. og 18. gr. skulu gilda um endurgjald og eftirlaun greidd fyrir störf leyst af hendi í sambandi við starfsemi sem rekin er af aðildarríki eða sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess.

20. gr.

Námsmenn.

Námsmaður, lærlingur eða nemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til aðildarríkis heimilisfastur í hinu aðildarríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms eða þjálfunar, skal ekki skattlagður í því ríki af greiðslum sem hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun, enda séu slíkar greiðslur til hans runnar frá aðilum utan þess ríkis.

21. gr.

Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar og ekki er fjallað um í undanfarandi greinum þessa samnings, skal einungis skattleggja í því ríki. Þó má einnig skattleggja slíkar tekjur sem myndast í hinu aðildarríkinu í því ríki.
2. Ákvæði 1. tl. gilda ekki um tekjur, aðrar en tekjur af fasteign, sbr. skilgreiningu í 2. tl. 6. gr., þegar móttakandi teknanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

22. gr.

Eignir.

1. Eign, sem fólgin er í fasteign sem getið er í 2. tl. 6. gr. sem er í eigu aðila heimilisfasts í aðildarríki og sem staðsett er í hinu aðildarríkinu eða sem fólgin er í hlutabréfum í félagi ef eignir þess eru einkum fólgnar í slíkum fasteignum, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Eign, sem fólgin eru í lausafjäreign sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu eða í lausafjäreign sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
3. Eign, sem fólgin er í skipum eða loftförum sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum af fyrirtæki í aðildarríki, svo og í lausafé sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattleggja í því ríki.
4. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í aðildarríki skal einungis skattleggja í því ríki.

23. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun.

1. Á Íslandi skal komið í veg fyrir tvísköttun með eftirfarandi hætti:
 - a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eignir, sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings má skattleggja í Lettlandi, skal Ísland undanþiggja þessar tekjur eða eignir skattlagningu, nema ákvæði b- eða c-liðar leiði til annars.
 - b) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi fær tekjur sem í samræmi við ákvæði (i) b-liðar 2. tl. 10. gr; eða (ii) 2. tl. 11. eða 12. gr. má skattleggja í Lettlandi skal Ísland draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið í Lettlandi. Frádráttur þessi skal þó ekki nema hærri fjárhæð en þeim hluta skattsins, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af framangreindum tekjum sem til verða í Lettlandi.
 - c) Ef tekjur sem aðili heimilisfastur á Íslandi hefur eða eignir sem hann á eru undanþegnar skattlagningu á Íslandi samkvæmt ákvæðum samningsins er Íslandi samt heimilt við ákvörðun skatta þessa aðila af öðrum tekjum eða eignum að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skatti.
 - d) Ákvæði b-liðar (i) skulu gilda fyrstu 10 árin sem samningur þessi er í gildi. Bær stjórnvöld skulu ráðgast sín á milli í þeim tilgangi að ákvarða hvort þetta tímabil skuli framlengt. Slík framlenging skal taka gildi frá þeim degi og lúta þeim breytingum og skilyrðum, þar á meðal ákvæðum um uppsögn, sem aðildarríkin tilgreina og koma sér saman um með erindaskiptum eftir diplómáttiskum leiðum eða með einhverjum öðrum þeim hætti sem samræmist stjórnskipun þeirra.

Þegar b-liður (i) fellur niður í samræmi við þennan lið skal í stað b-liðar (ii) koma eftirfarandi: "(ii) 2. tl. 10., 11. eða 12. gr."

2. Í Lettlandi skal komið í veg fyrir tvísköttun með eftirfarandi hætti:

a) Hafi aðili heimilisfastur í Lettlandi tekjur eða eigi hann eignir, sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa má skattleggja á Íslandi, skal Lettland, nema gert sé ráð fyrir hagkvæmari meðferð í landslögum:

(i) draga frá tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið af þessum tekjum á Íslandi;

(ii) draga frá eignarskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið af þessum eignum á Íslandi.

Frádráttur þessi skal þó í hvorugu tilvikinu nema hærri upphæð en þeim hluta tekju- eða eignarskatts í Lettlandi, reiknaðs án slíks frádráttar, sem er af þeim tekjum eða eignum, eftir því sem við á, sem skattleggja má á Íslandi.

b) Nú á félag heimilisfast í Lettlandi minnst 10 hundraðshluta hlutabréfa félags heimilisfasts á Íslandi sem fullur atkvæðisréttur fylgir og fær frá því félagi ágóðahluti, og skal þá, við framkvæmd a-liðar, skatturinn sem greiddur er á Íslandi ekki aðeins ná til þess skatts sem greiddur er af ágóðahlutunum, heldur einnig þess skatts sem greiddur er af þeim hagnaði félagsins sem ágóðahlutirnir voru greiddir af.

24. gr.

Jafnrétti.

1. Ríkisborgarar aðildarríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu aðildarríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki eru heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum aðildarríkjunum.

2. Ríkisfangslausir aðilar heimilisfastir í aðildarríki skulu í hvorugu aðildarríkinu sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi en ríkisborgarar viðkomandi ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti.

3. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal þó ekki skýra þannig að það skyldi aðildarríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu aðildarríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærsluskýldu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

4. Eigi ákvæði 1. tl. 9. gr., 7. tl. 11. gr. eða 6. tl. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknanir og aðrar greiðslur sem fyrirtæki í aðildarríki greiðir til aðila heimilisfasts í hinu aðildarríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslur til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu. Á sama hátt skulu skuldir, sem fyrirtæki í aðildarríki skuldar aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldrar eignar fyrirtækisins eftir sömu reglum og skuldir við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.

5. Þótt fjármagn fyrirtækja í aðildarríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórnað af einum eða fleiri aðilum sem eru heimilisfastir í hinu aðildarríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar í því ríki sæta eða unnt er að láta þau sæta.

6. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum aðildarríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt réttarvernd sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því aðildarríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir ákvæði 1. tl. 24. gr., í því aðildarríki þar sem hann er ríkisborgari. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin um aðgerðir barst vegna skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu aðildarríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Í því tilviki er bært stjórnvald ná samkomulagi skal aðildarríki í samræmi við slíkt samkomulag endurgreiða eða draga frá umrædda skattfjárhæð. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt lögum aðildarríkjanna.

3. Bært stjórnvald í aðildarríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi skýringu eða beitingu samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bært stjórnvald í aðildarríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við það sem um er rætt í undanfarandi töluliðum. Þegar æskilegt virðist að fram fari munnleg skoðanaskipti til þess að samkomulag náist geta slíkar umræður farið fram í nefnd sem skipuð er fulltrúum bærra stjórnvalda beggja aðildarríkjanna.

26. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bært stjórnvald í aðildarríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar ákvæða samnings þessa eða laga aðildarríkjanna varðandi skatta sem samningur þessi tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við ákvæði 1. gr. Allar upplýsingar sem móttækjar eru af aðildarríki skal fara með sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem samningurinn tekur til eða fullnustu- eða ákærvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta. Þessir aðilar eða stjórnvald skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeir mega gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. tl. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi skyldur á aðildarríki til að:

- a) framkvæma stjórnarráðstafanir sem víkja frá lögum eða stjórnsýsluvenjum þess eða hins aðildarríkisins;
- b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnsýsluvenjum þess eða hins aðildarríkisins;
- c) veita upplýsingar sem myndu ljósra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði atvinnumála, viðskipta, iðnaðar, verslunar eða sérfræðipækkingar eða veita upplýsingar sem, ef gerðar opinberar, stríðu gegn almannaheill (ordre public).

27. gr.

Aðstoð við innheimtu.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til að aðstoða hvort annað við innheimtu skatta sem skattgreiðandi skuldar, að því marki sem fjárhæðin hefur endanlega verið ákveðin í samræmi við lög þess ríkis sem æskir aðstoðar.

2. Í því tilviki er aðildarríki óskar eftir aðstoð við innheimtu skatta og beiðnin hefur verið samþykkt af hinu aðildarríkinu skal innheimta slíkra skatta fara fram í samræmi við lög þess ríkis sem gilda um innheimtu eigin skatta og skal það aðildarríki beita sömu aðferðum og ef um innheimtu eigin skattkröfu væri að ræða.

3. Með beiðni aðildarríkis um innheimtu skal fylgja vottorð sem samkvæmt lögum þess ríkis staðfestir að umræddir skattar sem skattgreiðandi skuldar séu endanlega ákvarðaðir.

4. Ef fjárhæð skattkröfu í aðildarríki hefur ekki verið endanlega ákvörðuð vegna þess að henni hefur verið áfrýjað eða vegna málshöfðunar má það ríki, í þeim tilgangi að halda við skattkröfu sinni, biðja hitt aðildarríkið um að framkvæma allar þær bráðabirgðaráðstafanir sem því er heimilt lögum samkvæmt og nauðsynlegar teljast fyrir hönd fyrrnefnda ríkisins. Verði það ríki við þeirri beiðni skulu bráðabirgðaráðstafanirnar framkvæmdar með sama hætti og ef skattaskuld fyrrnefnda ríkisins væri skattaskuld þess ríkis.

5. Beiðni samkvæmt 3. eða 4. tl. má aðildarríki því aðeins setja fram að viðkomandi skattgreiðandi sem skuldar skattana eigi ekki fullnægjandi eignir í því ríki til fullnustu skattaskuldinni.

6. Það aðildarríki sem innheimtir skatta í samræmi við ákvæði þessarar greinar skal þegar í stað senda því aðildarríki, sem það innheimtir fyrir, þá fjárhæð sem innheimt var, að frádregnum sérstökum kostnaði, ef hann er fyrir hendi, í samræmi við b-lið 7. tl.

7. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum eru sammála um, nema um annað sé samið, að:

- a) venjulegur kostnaður sem fellur til hjá því aðildarríki sem aðstoð veitir skuli borinn af því ríki;
- b) sérstakur kostnaður sem fellur til hjá aðildarríki sem aðstoð veitir skuli borinn af hinu aðildarríkinu og skuli greiddur óháð þeirri fjárhæð sem innheimtist fyrir þess hönd af hinu ríkinu. Um leið og aðildarríki telur líklegt að sérstakur kostnaður muni falla til skal það gera hinu aðildarríkinu viðvart og upplýsa það um áætlaðan kostnað.

8. Í þessari grein merkir hugtakið "skattar" þá skatta sem samningurinn tekur til og nær til allra vaxta og viðurlaga er þeim tengjast.

28. gr.

Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnunar.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnunar njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

29. gr.

Gildistaka.

1. Ríkisstjórnir aðildarríkjanna skulu tilkynna hvor annarri að stjórnskipuleg skilyrði vegna gildistöku samningsins hafi verið uppfyllt.

2. Samningurinn skal öðlast gildi þrjátíu dögum eftir dagsetningu þeirrar tilkynningar sem síðar berst samkvæmt 1. tl. og skulu ákvæði hans koma til framkvæmda í báðum aðildarríkjunum:

- a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta vegna tekna sem aflað er frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn tekur gildi;
- b) að því er varðar aðra skatta á tekjur og skatta á eignir vegna skatta sem krefja má um ve gna skattárs sem byrjar frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn tekur gildi.

30. gr.

Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af aðildarríki. Hvort aðildarríkjanna um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt í aðildarríkjunum:

- a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta vegna tekna sem aflað er frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn;
- b) að því er varðar aðra skatta á tekjur og skatta á eignir vegna skatta sem krefja má um vegna skattárs sem byrjar frá og með 1. janúar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynnt er um uppsögn.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti á ensku í Reykjavík hinn 19. október 1994.

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Lýðveldisins Íslands:

Lýðveldisins Lettlands:

Jón Baldvin Hannibalsson

Guido Zembrio

BÓKUN

Við undirritun samningsins í dag milli Lýðveldisins Íslands og Lýðveldisins Lettlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir (hér eftir nefndur "samningurinn") hafa undirritaðir orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði sem eru óaðskiljanlegur hluti samningsins:

1. Með tilvísun til ákvæða samningsins.

Þegar hugtakið "opinber stofnun" er notað eru aðilar sammála um að það skuli taka til sérhverrar stofnunar sem starfar á vegum hins opinbera, lögum samkvæmt, þar sem enginn aðili nema sjálft ríkið, sjálfstjórnarhérað eða sveitarstjórn þess á hagsmuna að gæta.

2. Við 3. tl. 7. gr.

Aðilar eru sammála um að útgjöld sem aðildarríki leyfir sem frádrátt einskorðist við þau útgjöld sem frádráttarbær eru samkvæmt lögum þess ríkis.

3. Við 8. gr.

Aðilar eru sammála um að orðin "hagnaður fyrirtækis í aðildarríki af rekstri skipa í flutningum á alþjóðaleiðum" skuli túlka í samræmi við 7. til 14. tl. í athugasemdum við 8. gr. fyrirmyndar OECD að samningi til að koma í veg fyrir tvísköttun tekna og eigna frá 1992 og feli ekki undir neinum kringumstæðum í sér hagnað vegna starfrækslu eða eignarhluta í hafnarsvæðum, vöruhúsum, miðstöð fólksflutninga, uppskipunarbúnaði eða öðrum svipuðum eignum staðsettum á landi, nema í þeim tilvikum þegar hagnaðurinn tengist beint starfsemi slíkra skipa af hálfu fyrirtækisins.

4. Við dHíð 3. tl. 11. gr.

Aðilar eru sammála um að aðili teljist vera tengdur öðrum aðila þegar aðili, einn eða ásamt einum eða fleiri tengdum aðilum, á, beint eða óbeint, eignarhlut í hinum aðilanum sem nemur hærra hlutfalli en 50 af hundraði eða þegar einn eða fleiri aðilar, einir eða ásamt einum eða fleiri tengdum aðilum, eiga, beint eða óbeint, eignarhlut sem nemur hærra hlutfalli en 50 af hundraði í aðilunum tveimur.

5. Við 2. tl. 12. gr.

Aðilar eru sammála um að hugtakið "þóknanir" skuli ekki teljast taka til greiðslna vegna notkunar á borbúnaði eða öðrum búnaði til notkunar í svipuðum tilgangi ætluðum til könnunar eða hagnýtingar kolvetnislinda.

6. Við 3. tl. 12. gr.

Aðilar eru sammála um að tekjur af leigu iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaðar skuli falla undir hugtakið "þóknanir" samkvæmt 3. tl. 12. gr.

7. Við 2. tl. 15. gr.

Ákvæði 2. tl. taka ekki til launþega sem leigður er út. Með framangreindu er átt við að launþegi sem heimilisfesti hefur í aðildarríki telst vera leigður út þegar honum er ráðstafað af aðila (útleigjanda) til að framkvæma vinnu í starfsemi annars aðila (stjórnanda) í hinu aðildarríkinu, svo framarlega sem stjórnandinn er með heimilisfesti eða hefur fasta atvinnustöð í því ríki og útleigjandinn er hvorki ábyrgur fyrir né ber áhættu af árangri vinnunnar.

Við ákvörðun á því hvort launþegi telst vera leigður út skal fara fram heildarmat þar sem sérstaklega skal tekið tillit til þess að hve miklu leyti:

- a) umsjón verksins í heild hvílir á stjórnandanum;
- b) vinnan er framkvæmd á vinnustað sem stjórnandinn hefur til umráða og ber ábyrgð á;
- c) greiðslan til útleigjandans er reiknuð út frá unnum vinnustundum eða með tilliti til annarra tengsla milli greiðslunnar og þeirra launa sem launþeginn fær;
- d) stjórnandinn útvegar meginhluta verkfæra og efnis; og
- e) útleigjandinn ákvarðar ekki einhliða fjölda launþega og hæfni þeirra.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti á ensku í Reykjavík hinn 19. október 1994.

Fyrir hönd ríkisstjórnar

lýðveldisins Íslands:

Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar

lýðveldisins Lettlands:

Guido Zembrio